



Stefna Háskóla Íslands um gæði náms og kennslu 2018-2021

- aðgerðaáætlun til þriggja ára



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Inngangur

Í heildarstefnu Háskóla Íslands – HÍ21, er að finna stefnu skólans í málefnum náms og kennslu og þar er sett fram skýr sýn:

Háskóli Íslands leggur áherslu á krefjandi nám, jákvæða námsupplifun nemenda og gæði prófgráða á öllum námsstigum. Til að búa nemendur undir áframhaldandi nám, þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og fjölbreyttu atvinnulífi leitast Háskólinn sífellt við að þróa kennsluhætti og námsaðstöðu, hvetja til nýsköpunar í kennslu og styrkja tengsl náms og starfsvettvangs. Jafnframt er mikilvægt að stuðla að skuldbindingu nemenda við námið og að veita kennurum og nemendum stuðning í starfi.

Í HÍ21 eru sett fram sex meginmarkmið og 20 aðgerðir sem snúa að námi og kennslu. Eitt af þessum markmiðum er að „gæði náms og kennslu fái aukid vægi og stuðning í starfi skólans“ og til að vinna að því markmiði er sett fram aðgerðin að mótuð verði stefna um gæði náms og kennslu og „... að stefnan taki m.a. til þróunar kennsluhátta, mats á gæðum kennslu, endurmenntunar, hlutanáms, upptöku fyrirlestra og fjarnáms.“ Því eru í þessari stefnu skilgreind verkefni sem stuðla að gæðum náms og kennslu og brýnt er að fást við á stefnutímabilinu. Stefna um gæði náms og kennslu er ætlað að styðja við HÍ21 og er sett til ársins 2021.

Stefna HÍ um gæði náms og kennslu kallast á við aðrar stefnur og áætlanir HÍ. Sérstaklega er bent á nýlega jafnréttisáætlun, málstefnu og gæðastefnu sem tilgreina aðgerðir sem snúa að málefnum fatlaðs fólks í námi og nemenda með sértæka námsörðugleika, erlendra nemenda og fleiri brýn málefni sem snúa að námi og kennslu. Afar brýnt er að atriði sem snúa að námi og kennslu í þeim stefnuskjölum komi til framkvæmda. Einnig er í HÍ21 lögð áhersla á að starfsumhverfi stuðli að velferð, jafnrétti og heilbrigði og í starfsmannastefnu HÍ er fjallað sérstaklega um vinnutíma og -álag. Því hefur verið haft sem leiðarljós í mótun kennslustefnu að draga úr streitu og vinnuálagi kennara.

Stefna HÍ í gæðum náms og kennslu skal endurskoða í kjölfar samþykkrar nýrrar stefnu HÍ árið 2021.

*Stefnunni er ætlað að stuðla að sífellri þróun kennslu við skólann með því að
styðja betur við starfsþróun kennara,
meta kennsluframlag að verðleikum,
stuðla að notkun upplýsingatækni sem styður við gæði náms
og auka virkni nemenda í náminu*

Markmið

Nám og kennsla eru eitt af meginverkefnum HÍ. Setning stefnu um gæði náms og kennslu er því mikilvægur liður í að þróa starfsemi Háskóla Íslands og gera sýnilegan þann metnað sem skólinn hefur varðandi kennslu. Með þessu gefst tækifæri til að skilgreina þau gildi sem liggja til grundvallar námi og kennslu við skólann og ræða hverju nám við HÍ á að skila nemendum og íslensku samfélagi. Ekki er síður mikilvægt markmið að styðja við nýsköpun kennara og umbætur í kennslu og hvetja þá áfram sem sýna frumkvæði og áræði í þróun kennsluhátta. Markmið með setningu stefnu um gæði náms og kennslu HÍ er þrjúþætt: (1) Að skýra áherslur og sýn HÍ á gæði náms og kennslu við skólann, (2) að styðja við gæði kennslu og stuðla að stöðugri kennsluþróun og (3) að forgangsraða þeim umbótaverkefnum sem snúa að kennslu hverju sinni.

Eftirfarandi áhersluatriði eru höfð að leiðarljósi í stefnu um gæði náms og kennslu með tilliti til þeirrar heildarstefnu sem HÍ21 markar og lýsa þeirri framtíðarsýn sem stefnan miðar að:

1. Innan HÍ er öflugt námssamfélag nemenda og kennara
2. Gæði náms og kennslu eru í öndvegi í starfi skólans
3. HÍ þjónar fjölbreyttu samfélagi með því að bjóða upp á margvíslegar leiðir til náms

Hér í framhaldi er fjallað nánar um hvert áhersluatriði og verkefni þeim tengd. Vegna tímaramma og tengsla við HÍ21 var farin sú leið að skilgreina forgangsverkefni til að vinna að þeim markmiðum sem sett eru fram. Nánari útfærsla verkefna er í höndum þeirra ábyrgðaraðila sem tilgreindir eru og sjá um að útfæra verkefnið miðað við gefnar forsendur og koma þeim í verk. Sérstaklega er mikilvægt að svið og deildir komi að þessari vinnu og geti haft áhrif á útfærslu. Taka ber fram að ýmis skilgreind verkefni tengd námi og kennslu eru þegar í vinnslu vegna innleiðingar HÍ21. Sum þeirra eru nefnd hér sérstaklega þar sem þau snúa að þeim markmiðum sem fjallað er um.

1. Öflugt námssamfélag

Nám og kennsla er ein af grunnstoðum HÍ og því er lögð áhersla á að innan skólans sé öflugt námssamfélag. Hugtakið námssamfélag vísar til þess að innan skólans ríkja sameiginleg gildi og sameiginleg ábyrgð á námi og kennslu og að þar eigi sér stað gott samstarf starfsfólks og nemenda sem stuðlar að því að skapa kjöraðstæður til náms. Með því að leggja áherslu á námssamfélag er dregið fram mikilvægi samvinnu í að styðja við og hvetja til bæði góðra kennsluhátta og jákvæðrar námshegðunar, hvort sem er innan veggja skólans eða með notkun upplýsingatækni. Eins og fram kemur í stefnu skólans er lögð áhersla á að nemendahópurinn sé fjölbreyttur og því er mikilvægt að komið sé til móts við ólíkar þarfir nemenda við þróun kennslu og kennsluhátta.

Nemendur eru fullgildir og virkir þátttakendur í námssamfélagi skólans. Markmiðið er að tryggja að nemendum HÍ sé gert kleift að vera virkir þátttakendur í eigin þekkingarsköpun, taki ábyrgð og sýni náminu skuldbindingu. Með því gerast nemendur virkir í að efla gæði náms í samstarfi við starfsmenn skólans. Þannig verður leitað leiða til að efla helgun nemenda að náminu frá upphafi námsferils við HÍ og hvetja til virkrar þátttöku í náminu. Auk þess er mikilvægt að stuðla að því að nemendur myndi sterkt samfélag sín á milli. Sérstaklega verði hugað að því að móttaka nýnema vinni að þessu markmiði.

Kennsluhættir við skólann miða að því að stuðla að góðri samvinnu og samskiptum nemenda og kennara. Mikilvægt er að sá tími sem nemendur og kennarar deila saman nýtist sem best til að efla nemendur í námi. Lögð er áhersla á að á háskólasvæðinu sé lifandi samfélag, sérstaklega í grunnnámi, sem geri að verkum að nemendur sækist eftir því að vera í skólanum. Einnig er mikilvægt að nýta upplýsingatækni til kennslu, t.d. öflugt námsumsjónarkerfi, til að auka þátttöku nemenda í námi, efla gæði samskipta nemenda og kennara og bæta endurgjöf til nemenda.

1. Öflugt námssamfélag, frh.

Verkefni sem ráðist verður í til að stuðla að öflugum námssamfélagi

- 1.1 Farið yfir ferli um endurgjöf til nemenda um frammistöðu í námi og settar fram tillögur að úrbótum og stuðningi við kennara til að tryggja góða og skilvirka endurgjöf. Sérstaklega verður skoðað hvernig nýta megí upplýsingatækni til að efla endurgjöf til nemenda.
- 1.2 Tryggja að nemendur hafi formlega aðkomu að þróun náms og að ábendingar þeirra og endurgjöf um nám og kennslu séu nýttar á skipulegan hátt, t.d. með rýnihópum þar sem nemendur eiga fulltrúa. Jafnframt skal reglulega leggja mat á gæði kennslukannana og endurskoða inntak þeirra og framkvæmd.
- 1.3 Leitað leiða til að gera kröfur og væntingar til nemenda skýrar frá fyrsta degi, m.a. skilgreina svið og deildir mögulegt fyrirkomulag náms (fullt nám, nám með vinnu, fjarnám/blandað nám) og námskröfur. Markmiðið er að stuðla að virkri þátttöku, auka helgun nemenda í námi og draga úr brotthvarfi.
- 1.4 Deildir sjái um kynningu á framtíðarstarfsvettvangi nemenda og stuðning við starfshæfni þeirra.
- 1.5 Í samstarfi við SHÍ skoðað hvernig hægt er að stuðla að virkri þátttöku allra nemenda í félagsstarfi við skólann með sérstakri áherslu á hópa sem kunna að taka lítinn eða engan þátt.
- 1.6 Farið yfir hvernig móttöku nýnema er háttað innan skólans í heild, sem og sviða og deilda. Hugað verður sérstaklega að móttöku erlendra nemenda og nemenda af erlendum uppruna. Settar fram tillögur að verklagi til að tryggja utanumhald hópsins, sérstaklega í deildum þar sem brotthvarf er mikið. Byggt verður á vinnu starfshóps um móttöku nýnema.
- 1.7 Gerð verður könnun á möguleikum nemenda á að helga sig námi, hvað styður og hindrar þá í þeim efnum og m.a. byggt á niðurstöðum *Eurostudent* samanburðarkönnunarinnar. Unnar tillögur að úrbótum í framhaldi og leitað eftir samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

2. Gæði náms og kennslu – Stuðningur við kennsluþróun

Eitt grundvallaratriði þessarar stefnu er að styðja við gæði náms við HÍ. Unnið er að auknum gæðum náms og kennslu eftir tveimur leiðum. Í fyrsta lagi með því að styðja við kennslu og efla kennsluþróun innan skólans. Þetta er gert meðal annars með breytingum á mati á störfum akademískra starfsmanna, auknum tækifærum og rými til kennsluþróunar og sýnilegri áherslu skólans á gæðakennslu. Í öðru lagi verður unnið að því að auka gæði náms og kennslu með því að skoða umgjörð kennslu og hvernig hægt er að skapa gott umhverfi fyrir nám og kennslu, m.a. með markvissri notkun upplýsingatækni.

Lögð er áhersla á kennsluþróun kennara og að kennsla sé metin til virðingar innan skólans. Ein af forsendum þess að auka gæði náms og kennslu við skólann er að kennsla njóti virðingar í störfum akademískra starfsmanna og innan skólans almennt. Mikilvægt er að kennarar fá stuðning við kennsluþróun og rými til að endurskoða nám og kennsluhætti sína reglulega í ljósi aukinnar kennslufræðilegrar þekkingar og öflugri upplýsingatækni í kennslu. Einnig skiptir máli að skoða hvaða stuðning kennarar þurfa til að geta sinnt kennslu sem skyldi. Í þessu samhengi þarf líka að huga að viðmiðum fyrir tíma til kennslu og undirbúnings.

Markviss stuðningur við notkun upplýsingatækni í kennslu og þróun kennsluumhverfis. Mikilvægt er að kennsluumhverfi og umgjörð kennslu sé styðjandi en skapi ekki óþarfa þröskulda. Sérstaklega skiptir máli að taka mið af þróun upplýsingatækni og hvernig hægt er að veita kennurum stuðning í að nýta upplýsingatækni í kennslu til að styðja við nám og mæta þörfum nemenda. Meðal annars þarf að koma til móts við óskir nemenda um aðgengi að rafrænu kennsluefni (s.s. upptökum) án þess að vegið sé að gæðum kennslu eða samskiptum nemenda og kennara.

Verkefni sem ráðist verður í til að auka gæði náms og kennslu

- 2.1 Fundnar leiðir til að meta og umbuna fyrir mikilvægt kennsluframlag og starfsþróun í kennslu, m.a. að tryggja að kennsluframlag sé metið að verðleikum í framgangs- og umbunarkerfum skólans.
- 2.2 Námsumsjónarkerfi verði eftt til að tryggja markvissa notkun upplýsingatækni í námi og kennslu og stuðningur við notkun þess aukinn.
- 2.3 Skoðað hvort kennslurými þjóni virkum kennsluháttum og hvað þurfi til að liðka þar fyrir. Þróun kennslurýmis verður fastur liður í starfi framkvæmda- og tæknisviðs.
- 2.4 Kennurum gefið ráðrúm til að vinna að kennsluþróun, bæði með því að bjóða upp á kennslumisseri (sbr. rannsóknarmisseri) til kennsluþróunar eða þróunar námsleiða, en einnig með því að bjóða kennsluafslátt og aðstoð við notkun upplýsingatækni í kennslu.
- 2.5 Farið verður yfir hvernig hægt er að nýta upplýsingatækni betur í kennslu, sérstaklega í stórum námskeiðum eða þar sem nemendur kalla sérstaklega eftir auknum stuðningi, t.d. með blönduðu námi (upptökum og rafrænum verkefnum), og settar fram tillögur um hvernig hægt er að aðstoða kennara og deildir í þeim efnum.
- 2.6 Faglegur stuðningur við stundakennara aukinn og umgjörð stundakennslu styrkt.
- 2.7 Sérstök áhersla er lögð á að taka vel á móti nýjum kennurum og styðja þá í að takast á við kennarahlutverkið.
- 2.8 Greitt sé með sama hætti fyrir sambærilega kennslu á öllum fræðasviðum og sett skýr viðmið um kennsluskyldu.

3. Fjölbreyttar leiðir til náms

HÍ þjónar samfélaginu með því að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir til náms og þjóna fjölbreyttum hópi nemenda. Brýnt er að leita leiða til að efla fjarnám á völdum sviðum, skilgreina stöðu endurmenntunar við skólann og þróa nám í samvinnu við atvinnulífið. Háskóli Íslands mun áfram leggja megináherslu á háskólanám í staðnámi, sérstaklega í grunnnámi – sterkt staðnám þar sem nemendur og kennarar eiga gott samstarf er ein af grunnstoðum skólans. Staðnám þarf sífellt að þróa með það fyrir augum að auka fjölbreytni í kennsluháttum og nýta upplýsingatækni til að auka gæði námsins og mæta þörfum nemenda og kennara. Að sama skapi er mikilvægt að auka aðgengi hópa sem annars hefðu takmarkaða möguleika til náms eða hafa áhuga á símenntun í leik og starfi.

Fjarnám við skólann er skýrt skilgreint og skipulagt með gæði og þátttöku nemenda í huga. Fjarnámi er fyrst og fremst ætlað til að koma til móts við nemendur sem sinna námi með vinnu eða geta fjarlægðar vegna ekki tekið þátt í staðnámi. Mikilvægt er að framboð fjarnáms sé markvisst og tekið sé mið af þörfum nemendahópa og samfélags hverju sinni. Fjarnám er skipulagt af fræðasviðum fyrir heildstæðar námsleiðir (þ.e. nemendum gefst kostur á að ljúka skilgreindum námsleiðum í fjarnámi), en einstaka námskeið utan þeirra geta verið í boði í fjarnámi eftir því sem kennarar vilja. Við skipulag og kennslu fjarnáms er gengið út frá viðmiðum um gæðanám og veittur er kennslufræðilegur og tæknilegur stuðningur.

Skýr sýn er á endurmenntun, opið netnám og fagháskólanám við skólann. Ljóst hvaða leiðir eru til endurmenntunar á hverju fræðasviði og endurmenntun gerð sýnilegri í starfsemi skólans. Skýr sýn á framboð á opnum netnámskeiðum í samstarfi við edX og þróun fagháskólanáms við skólann. Einnig skiptir máli að styðja við skiptinám og skoða möguleikann á að bjóða upp á sumarskóla við HÍ.

Verkefni sem ráðist verður í til að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir til náms

- 3.1 Skilgreina hvað einkennir gott fjarnám og hvað felst í fjarnámi m.t.t. skipulags og kennsluhátta, vinnu kennara, þjónustu við nemendur og skuldbindingu þeirra. Einnig hvaða stuðning (kennslufræðilegan og tæknilegan) þurfi til að tryggja gæði námsins.
- 3.2 Fræðasvið skilgreini hvaða námsleiðir verða boðnar í fjarnámi, fyrir hvaða hópa það er ætlað og fá stuðning frá kennsluviði til að þróa nám á þeim völdu leiðum.
- 3.3 Endurmenntun fái skýrari sess í starfsemi skólans og framboð endurmenntunar skilgreint á hverju fræðasviði og gert sýnilegt.
- 3.4 Aukinn stuðningur við þátttöku nemenda í skiptinámi og kannaðir möguleikar á alþjóðlegum sumarskóla við HÍ.
- 3.5 Haldið áfram að þróa opin edX netnámskeið á vegum HÍ og fagháskólanám við skólann. Sérstaklega verður litið til þess hvernig má nýta þessi verkefni til að efla tengsl skólans við atvinnulíf, nemendur um land allt og styrkja alþjóðavæðingu skólans.

4. Aðgerðaáætlun

Heiti verkefnis	Nr. verkefnis	Forgangur	Ábyrgð	Samstarfsaðilar	Áhrif á HÍ	Kostnaður	Haust 2018	Vor 2019	2019-2020	2020-2021
Umbun fyrir kennsluframlag	2.1	1	Stýrihópur um matskerfi	Fræðasviðsforsetar	Mikil	Mikill	X			
Námsumsjónarkerfi eftt	2.2	1	Stýrihópur um námsumsjónarkerfi	Deildarforsetar, kennslusvið og upplýsingatæknisvið	Mikil	Mikill	X			
Þróun kennslurýmis	2.3	1	Fræðasviðsforsetar og framkvæmda- og tæknisvið	Kennslumálanefnd og kennslusvið	Meðal	Mikill	X			
Ráðrúm til kennsluþróunar	2.4	1	Aðstoðarrektor kennslu og þróunar	Fræðasviðsforsetar og kennslumálanefnd	Mikil	Mikill	X			
Skilgreina viðmið um gæði fjarnáms	3.1	1	Deildarstjóri rafrænna kennsluhátta	Kennslumálanefnd, KEMST, fræðasviðsforsetar og deildarforsetar	Mikil	Lítill	X			
Endurgjöf til nemenda efld	1.1	1	KEMST, deildarforsetar og kennsluþróunarstjórar	Kennarar og deildarstjóri rafrænna kennsluhátta	Mikil	Meðal		X		
Nemendur hafi formlega aðkomu að þróun náms	1.2	1	Deildarforsetar og kennsluþróunarstjórar sviða	SHÍ, KEMST og kennslumálanefnd	Mikil	Lítill		X		
Nýting upplýsingatækni í kennslu	2.5	1	Deildarstjóri rafrænna kennsluhátta	KEMST, upplýsingatæknisvið og kennsluþróunarstjórar sviða	Mikil	Meðal		X		
Styðja við þróun fjarnáms á völdum námsleiðum	3.2	1	Starfshópur deilda og kennslusviðs skipaður	Fræðasviðsforsetar, kennslumálanefnd og KEMST	Mikil	Mikill		X		

Stefna HÍ um gæði náms og kennslu 2018-2021

Málefni stundakennara	2.6	2	Fræðasviðsforsetar	KEMST, kennslustjórar sviða	Meðal	Meðal			X	
Kröfur/væntingar til nemenda skýrar	1.3	2	Fræðasviðsforsetar og deildarforsetar	Kennsluþróunarstjórar sviða, kennslustjórar sviða, NSHÍ og KEMST	Mikil	Lítill			X	
Endurmenntun fái skýrari sess	3.3	2	Aðstoðarrektor kennslu og þróunar	Fræðasviðsforsetar, kennslusvið og EHÍ	Meðal	Lítill			X	
Móttaka nýrra kennara	2.7	2	Deildarforsetar	Mannauðsstjórar sviða, starfsmannasvið og KEMST	Meðal	Lítill			X	
Greitt með sama hætti fyrir sambærilega kennslu á öllum fræðasviðum	2.8	2	Rektor	Fræðasviðsforsetar	Mikil	Meðal			X	
Kynning á framtíðarstarfsvettvangi	1.4	2	Deildarforsetar	NSHÍ og SHÍ	Meðal	Lítill			X	
Stuðla að virkri þátttöku nemenda í félagsstarfi	1.5	2	SHÍ	NSHÍ og deildarforsetar	Meðal	Lítill			X	
Aukinn stuðningur við skiptinám/sumarskóli	3.4	2	Skrifstofa alþjóðasamskipta HÍ	Kennslusvið og fræðasviðsforsetar	Meðal	Meðal			X	
edX og fagháskólanám	3.5	2	Kennslusvið	Verkefnastjórn edX og verkefnahópar um fagháskólanám	Lítill	Lítill			X	
Farið yfir móttöku nýnema	1.6	3	Kennslustjórar sviða	Kennsluþróunarstjórar sviða, deildarforsetar og NSHÍ	Meðal	Lítill				X
Könnun á möguleikum nemenda á að helga sig námi	1.7	3	Kennslusvið	SHÍ, fræðasviðsforsetar, kennslumálanefnd	Lítill	Lítill				X

